

50 sterlingspundi en 4.15, skal sölugengi erlends gjaldeyris þó ákveðast þannig, að sölu-
18. sept. gengi dollars verði kr. $\frac{27.00}{4.15}$ og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það.

2. gr.

Aftan við 3. gr. sömu laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er þó, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðar-
tímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 18. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

51
6. okt.

um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir, að almennt verði hækkuð álagning á vörur. Sökum hins óvenjulega ástands, sem ófriðurinn hefir orsakað, teljum Vér brýna nauðsyn til þess að gefa út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 70 31. des. 1937, hér að lútandi, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. síðastliðinn, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 6. október 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.